

# **Mat á forvarnarstarfi í framhaldsskólum**

**Skýrsla um framkvæmd og niðurstöður samnings  
menntamálaráðuneytisins  
og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum**

**Unnið fyrir menntamálaráðuneytið af  
Ingibjörgu Þórhallsdóttur**

**Júní 2003**

### Um forvarnir og árangur

Í litlu þorpi á árbakka nokkrum bjó hópur fólks. Dag einn sá það mann sem barst hratt framhjá í straumharðri ánni og var að drukkna. Einn þorpsbúa stökk hiklaust út í ána og dró hinn drukkandi mann í land. Ekki leið á löngu þar til hróp heyrðist frá ánni og annar maður barst framhjá.

Björgunarmaðurinn sem var afar þreyttur, stökk aftur út í ána og bjargaði öðrum manni. Ekki leið á löngu áður en allir í þorpinu voru uppteknir við björgunarstörf, því að alltaf fjölgaði fólkinu í ánni sem þarfnaðist hjálpar. Hefðbundin starfsemi í þorpinu fór öll úr skorðum því enginn mátti lengur vera að því að sinna daglegu amstri. Alltaf fjölgaði þeim sem þörfuðust björgunar úr ánni og þrátt fyrir ofurmannlega viðleitni fjölgaði líka þeim sem ekki var hægt að bjarga.

Inntak þessarar sögu er að þó að björgunarfólkið hafi unnið frábært björgunarstarf gagnvart fólki sem var í sárri þörf fyrir aðstoð, þá datt því aldrei í hug að leita orsakanna fyrir því hversvegna allt þetta fólk féll í ána og reyna að koma í veg fyrir það. Kannski hefðu störf þeirra borið meiri árangur ef það hefði verið gert og eitthvað gert til að koma í veg fyrir að fólkið félli í ána. (1)

<b>Efnisyfirlit:</b>	<b>bls.</b>
Samantekt	3
Inngangur	4
Forvarnir gegn ávana og fíkniefnaneyslu	4
Rannsóknir á árangri af forvarnarverkefnum	6
Um matið	8
Aðferðafræði við matið	9
Upplýsingasöfnun	9
Lýsing á framkvæmd forvarnarverkefnisins	10
Samantekt á afköstum	12
Samantekt á svörum forvarnarfulltrúa	13
Upplýsingar frá aðilum sem starfa að forvörnum	18
Samantekt	20
Rýni á heimasíðum framhaldsskólanna	21
Samantekt úr upplýsingaöflun	23
Niðurstöður og túlkanir	24
Árangursmat	26
Tillögur	27
Takmarkanir matsins	28
Heimildir	30

## Samantekt

Í þessari skýrslu er lagt mat á áhrif samnings Menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum (FRÆ). Samningurinn felur FRÆ að byggja upp og styrkja innviði framhaldsskólanna þannig að þeir séu betur í stakk búnir að fylgja eftir stefnumótun ríkisstjórnarninnar í forvarnarmálum.

Það er mat þeirra sem upplýsinga var aflað hjá að þessi vinna hafi skilað góðum árangri . Af þeim 26 skólum sem matið náði til hafa 25 forvarnarfulltrúa í samstarfi við FRÆ. Tveir vinna í samstarfi við sveitarfélagið. Flestir hafa tilbúna forvarnarstefnu og forvarnaráætlun.

Í skýrslunni koma fram hugmyndir að því hvernig færa megi forvarnarstarfið á markvissari hátt nær nemendunum nú þegar innviðum skólanna hafa verið gerð nokkuð góð skil.

## Inngangur:

### ***Forvarnir gegn ávana- og fíkniefnaneyslu.***

Notkun ávana- og fíkniefna hefur fylgt manningum frá upphafi og eru afleiðingar notkunarinnar bæði heilsufarslegar, félagslegar og efnahagslegar. Notkun vímuefna, hefur aukist meðal ungs fólks á Íslandi í samræmi við aukið framboð efnanna. Algengi reykinga virðist hinsvegar hafa minnkað. Neikvæðar hliðar ávana- og fíkniefnaneyslu eru svo alvarlegar að vestrænar þjóðir hafa lagt ómældan tíma og fjármuni til að berjast gegn þeim. Við ramman keip er að draga og berjast þarf á mörgum vígstöðvum. Fyrir utan lævíska markaðssetningu á löglegum eignum er heilt neðanjarðarhagkerfi sem beitir öllum tiltækum ráðum til að koma ólöglegum eignum í ungt fólk. Álitíð er að því lengur sem tekst að koma í veg fyrir að unglingar taki upp neyslu ávana- og vímuefna, því betur séu þeir í stakk búnir til að takast á við lífið. Enn er leitað bestu aðferða í baráttunni gegn neyslu þessara efna og í þeirri varnarbaráttu virðast ósigurnir margir.

Forvarnir vegna neyslu ávana og fíkniefna geta verið; Að koma í veg fyrir neysluna, að hjálpa fólki að hætta neyslu áður en það hlýtur skaða af henni og í þriðja lagi að koma í veg fylgifiska neyslunnar m.a. að aðrir hljóti skaða af neyslunni. Forvörnum þarf að beita á öllum sviðum þjóðfélagsins til að hafa áhrif á bæði framboð og eftirspurn. Forvarnir í skólakerfinu beinast að því að hafa áhrif á eftirspurn meðan löggæslu- og dómskerfið á að vinna að því að hafa áhrif á framboðið.

Forvarnir eru hluti heilsuefningar og heilbrigðisfræðsla er ein þeirra leiða sem notuð er til að ná markmiðum heilsuefningar. Hún á rætur í menntunarfræðum, en notfærir sér þekkingu annarra fræðigreina s.s. félagsfræði, sálfræði, heilbrigðisvísinda, upplýsingatækni, markaðs- og fjölmiðlafræða. Heilbrigðisfræðsla hvetur fólk til umhugsunar um heilbrigði sitt, hefur áhrif á ákvarðanir og viðhorf fólks, aðstoðar fólk við að skilgreina eigin afstöðu og hjálpar því að afla sér þekkingar og hæfni er varðar heilbrigði. Metnaðarfull heilbrigðisfræðsla reynir jafnvel að hafa áhrif á áhugahvöt og viðhorf.

Í fyrstu snerust forvarnir aðallega gegn löglegri og ólöglegri neyslu ávana- og fíkniefna með því að hvetja til bælingar og hömlunar á neyslu. Upplýsingum og fræðslu var ætlað að skapa hræðslu með því að leggja áherslu á áhættu af notkun efnanna. Tilraunir með neyslu voru álitnar farseðlar til glötunar. Forvörnum var gjarnan beint til þeirra sem höfðu þegar neikvæða afstöðu til efnanna og voru því ekki í áhættuhóp. Með því að leggja meiri áherslu á ólögleg efni voru löglegu efnin sem bæði voru algengari og sköpuðu alvarlegri heilsufarsvandamál ekki eins áberandi í umræðunni.

Á miðjum sjöunda áratug síðustu aldar breyttust áherslur þannig að gefnar voru flóknari upplýsingar um alvarleg líkamleg, félagsleg og andleg áhrif notkunar. Ekki var lengur lokað augum fyrir þeim möguleika að neysla gæti haft í för með sér einhverja sælu og örlítið frjálsllegri afstaða kom fram varðandi að prófa efnin ef það

var gert á skynsamlegan máta. Talið var að eitt af þroskaverkefnum unglingsáranna gæti verið að prófa ávana- og vímuefni og að áfengi gæti jafnvel haft jákvæð áhrif.

Á áttunda áratug síðustu aldar var farið að leggja meiri áherslu á forvarnir sem gáfu valkosti og styrktu einstaklinginn. Nýjar aðferðir voru þróaðar í forvörnum. Í stað hefðbundinnar áherslu á hömlur og neikvæðar upplýsingar var lögð áhersla á upplýsingar og fræðslu. Þá var enn fremur talið að þeir sem væru komnir í vandræði með neysluna ættu rétt á samfélagslegri aðstoð. Í ljósi þess gífurlega heilsufarsvanda sem lögleg ávana- og fíkniefni s.s. áfengi og tóbak ollu og félagslegum og efnahagslegum afleiðingum þeirra, var nú einnig lögð áhersla á þau. Þessar nýju áherslur voru afurð faraldsfræðilegra rannsókna. Áhersla hafði verið á að auka skilning á hvers vegna ungmenni hefja notkun og misnotkun efnanna og skoða það í samhengi við þroskaverkefni unglingsáranna. Forvarnir tóku nú mið af þessum rannsóknum. Aðferðir breyttust. Stuðst var við heilbrigðisfræðslu sem samþætti styrk einstaklings og sjálfræði. Ekki var lengur lögð áhersla á upplýsingar sem tengdust ákveðnum ávanaefnum, heldur reynt að bjóða upp á valkosti sem gátu valdið spennu án notkunar ávana- og fíkniefna.

Á níunda áratug síðustu aldar var farið að tengja saman alla þætti forvarna. Lögð var vaxandi áhersla á heildrænar aðferðir í forvörnum með áherslu almenna lífsleikni, á þjálfun í að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að neita þátttöku í áhættuhegðun. Þessar áherslur byggðu á vaxandi þekkingu í faraldsfræðilegum rannsóknum. Lögð var áhersla á að kenna ungmennum aðferðir til að takast á við ágreining og kvíða. Þá var einnig talið að foreldrar gegndu lykilhlutverki í að hjálpa börnum sínum að takast á við þrýsting og aðferðir foreldra í uppeldi taldar hafa áhrif (2).

Í dag eru forvarnir taldar skila bestum árangri með því að styrkja einstaklinginn og kenna honum aðferðir og veita styrk til að takast á við freistingar og hættur á sem áhættuminnstán hátt. Hæfni einstaklingsins í samskiptum, streitu- og reiðistjórnun, ákveðniþjálfun og markmiðssetningu er aukin (3). Hin ýmsu líkön sem stuðst hefur verið við í forvörnum hafa flest eitthvað til síns ágætis en ekkert líkan, hversu gott sem það er á við allar aðstæður eða alla tíma. Flest viðfangsefni í forvörnum krefjast skynsamlegrar notkunar margra líkana eða hugmynda.

Þegar kemur að forvarnaraðferðum má flokka þær eftir miðlum og markhópum.

- Alhliða forvarnir; Markhópurinn er almenningur eða almennir nemendur.
- Sérþækar forvarnir; Markhópurinn eru þeir sem eru í meira en meðaláhættu
- Meðferð og ráðgjöf til að minnka líkur á langvarandi ástandi; Markhópur eru þeir sem nota þegar ávana og fíkniefni .

Ný eiturlyf á markaðnum eiga sterka markaðsmenn og því þurfa ungmenni að geta tekist á við síaukið framboð freistinga og áhættu á skynsamlegan hátt. Algert bindindi allra ungmenna á áfengi og önnur vímuefni er falsmynd. Leita þarf leiða til að gera ungmennum kleift að taka upplýstar ákvarðanir um eigið líf en láta þau þó ekki axla alla ábyrgð á eigin ákvörðunum of snemma (4).

Í dag er unnið að forvörnum á öllum vígstöðvum íslensks samfélags, áherslur helgast af þeirri hugmyndafræði og málaflokki sem unnið er út frá. Innan menntakerfisins hefur um árabil verið lögð áhersla á forvarnir í grunnskólum og síðan 1997 á forvarnir í framhaldsskólum.

## **Rannsóknir á árangri af forvarnarverkefnum**

Þegar fræðigreinar um áfengis, tóbaks og aðra ávanaefnanotkun meðal ungmenna síðustu áratuga eru lesnar kemur í ljós að umtalsverð þróun hefur átt sér stað í forvarnarkenningum (5). Skilningur manna hefur aukist á hvaða forvarnaraðferðir eru árangursríkastar, það eru þær sem byggja á kenningum og hugmyndafræði sem takast á við öll ávana- og fíkniefni sem og persónulega-, félagslega- og umhverfisþætti sem hafa áhrif á misnotkun (6). Forvarnir sem leggja áherslu á aukna persónulega leikni einstaklingsins, eru gagnvirkar, taka tillit til félagslegra áhrifa og gilda og þátttöku Ennfremur þurfa þau að fara fram heima, í skóla og í samfélagi og notast við alla tiltæka miðla og vera sniðin að þörfum þeirra sem þau eiga að hafa áhrif á (7).

Saga forvarna og meðferða á sviði ávana og fíkniefnaneyslu er ekki sigurganga. Við lestur fræðanna kemur í ljós að mat á árangri hinna ýmsu forvarnaraðgerða veldur oft vonbrigðum en þar er líka að finna ástæðu til bjartsýni. Enn erum við að leita að bestu aðferðunum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna. Ef hægt er að koma í veg fyrir að þeir sem eru veikir fyrir ánetjist efnunum þá eru það forvarnir. Besti markhópurinn fyrir þessar forvarnir er ungt fólk og börn (8).

Forvarnarverkefni sem hrint er í framkvæmd eru sjaldan hönnuð þannig að mat á árangri sé innbyggður hluti frá upphafi og séu þau metin viðrast þau í mörgum tilfellum ekki skila tilætluðum árangri, kannski vegna óraunhæfra væntinga. Hafa ber þó í huga að aðferðafræði við framkvæmd verkefnanna sem og aðferðafræði við mat geta haft áhrif á niðurstöður. Hægt er að klúðra framkvæmd árangursríkra verkefna með slægum undirbúningi eða lélegri þjálfun þeirra sem eiga að sjá um framkvæmd.

Í þriggja ára rannsókn á forvörnum gegn áfengisneyslu meðal 4406 ungmenna í New Hamspire í Bandaríkjunum var niðurstaðan sú að hvorki heildstæð námskrá sem byggði á forvörnum gegn áfengisneyslu né samfélagsleg íhlutun voru árangursríkar aðferðir til að koma í veg fyrir áfengisneyslu ungmenna (9).

Í stórrí rannsókn sem fór fram meðal 3000 skólabarna í New York var hinsvegar sýnt fram á að forvarnarverkefni í skólum, sem kenndi ungmennum í skóla aðferðir til að afneita vímuefnanotkun og byggði upp leikni sem gat minnkað hættu á ofneyslu áfengis í allt að tvö ár eftir upphaflega íhlutun. Í forvarnarverkefninu er byggð upp sjálfmynd nemendanna og öryggi, þeim kennt hvernig þau geta brugðist við þrýstingi frá félögum og fjölmiðlum og tekið sjálfstæða afstöðu og ákvarðanir. Einnig er lögð áhersla á þjálfun í samskiptum (10).

Þó að einhverjir kunni að vera ósáttir við hræðsluáróður og sjökkmeðferðir sem hafa verið notaðar í baráttunni gegn tóbaksreykingum og neyslu fíkniefna, svo sem sjóvarpsauglýsingar, veggspjöld á strætisvögum og í skólum, bendir ýmislegt til að þær eigi rétt á sér ásamt öðrum aðferðum (11). Sígarettreykingar meðal ungmenna á Íslandi virðast í rénum samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Áfengis- og vímuvarnaráð lét gera í framhaldskólum árin 1992 og 2000 og samkvæmt niðurstöðum kannana Tóbaksvarnarnefndar. Rannsóknir í heilbrigðisfræðslu og markaðsfræðum gefa til kynna að áhrifaríkar auglýsingar gegn reykingum noti hræðslu, og bendi jafnframt á langvarandi heilsufarsvandamál og efnahagslegar afleiðingar af reykingum til að ná til ungmenna (12,13,14). Auk þess eru hreinskilnar upplýsingar um áhrif óbeinna reykinga og um hvernig tóbaksíðnaðurinn reynir að

plata fólk til að reykja áhrifaríkar (15). Þá kemur einnig í ljós að aðferðir og miðlar þurfa ætíð að taka mið af aldri, þroska og kyni markhópsins. Til dæmis virðast teiknimyndir, grípandi orðasambönd og kímnir bera árangur hjá yngri börnum (16).

Í öðrum rannsóknum á svipuðum aðferðum er komist að algjörlega andstæðri niðurstöðu. Þetta á t.d. við um auglýsinga og áróðursherferð sem var beint að unglingum og foreldrum þeirra. Rannsóknin byggði á viðtölum við 8200 ungmenni á aldrinum 9-18 ára og 5600 foreldri þeirra. Í henni kom í ljós að herferð gegn vímuefnaneyslu sem var beint að foreldrum hafði jákvæð áhrif, en herferð sem var beint að unglingunum var gagnslaus að mati rannsakenda (17). Gagnrýni á þessa niðurstöðu kom reyndar frá þeim sem þróðu forvarnarverkefnið og töldu að vegna afskipta yfirvalda af efnistöðum herferðarinnar hefði áróðursherferðin sem snúa átti að unglingunum mistekist vegna kröfu um úþynnt skilaboð sem féllu að gildismati yfirvalda en ekki unglिंगanna.

Það er mikilvægt að hafa ákveðinn markhóp og þekkja hvað hrífur best á hann. Því miður hafa menningar- og kynjaáhrif í forvarnarverkefnum ekki verið mikið rannsökuð en meiri áhersla hefur verið á rannsóknir er varða umhverfi og þroska.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós að ef þjálfun kennara sem eiga að skipuleggja og sjá um forvarnir er ekki sinnt sem skyldi leiðir það til þess að forvarnarðagerðir mistakast (18). Það er alvörumál að nota sameignarfé borgaranna til árangurslausra forvarnaraðferða, því er mikilvægt að skilja hvaða aðferðir skila bestum árangri og hvernig hægt er að tryggja hann með góðum undirbúningi þeirra sem eiga að sjá um þær.

Líklegt er að hver aðferð eigi sér nokkuð til málsbóta, þó engin sé fullkomin. Niðurstöður rannsókna eru engan veginn afdráttarlausar, en það er mikilvægt að hægt sé að nota sem flestar aðferðir og leiðir sem reynslan hefur sýnt að bera árangur.

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að takast á við vana- og fíkniefna frá öllum vígstöðvum. Hvert ráðuneyti hefur sitt hlutverk hvað það varðar (19). Ein þeirra leiða sem valin hefur verið í þessu skyni er samstarf við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum. Í þessari skýrslu verður lagt mat á það samstarf.



## Um matið

Faglegt mat á þeim verkefnum sem fjármögnuð eru af opinberum aðilum er mikilvægt á tímum sem nú, þegar hverri krónu er velt og réttlætningar fyrir öllum útgjöldum er krafist. Stjórnendur, stjórnámálemenn og hinn almenni borgari gera allir kröfur um hagkvæmni og árangur. Upplýst stefnumótun og ákvarðanatöku krefst mats á árangri.

Samningur Menntamálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ) er dæmi um samkomulag um óbeinar forvarnir. Hann snýr að styrkingu innviða skólanna; kennaranna og starfsfólksins til að þeir séu betur í stakk búnir til að styrkja nemendur og breyta umhverfi þeirra og viðhorfum. Ekki er um að ræða bein samskipti FRÆ við endanlegan markhóp forvarnanna; unglingana.

Matið nær til ára 1998-2003 og byggir á munnlegum og skriflegum upplýsingum og heimildum.

Í mati á forvarnarverkefnum felst vandinn í að meta hvað hefði gerst ef ekkert hefði verið aðhafst. Verið er að meta minnkun á notkun ávana- og fíkniefna og/eða seinkun á notkun, áður en hún á sér stað. Við slíkt árangursmat kemur í ljós mikilvægi samanburðarhóps/a. Í því mati sem hér fer fram er þetta ekki mögulegt.

Forvarnarverkefnið var fyrst og fremst hannað til að styrkja innviði framhaldsskólanna til að geta sinnt forvörnum í framhaldsskólanum og 26 framhaldsskólar hafa tekið þátt í verkefninu, það eru engir sambærilegir framhaldsskólar utan verkefnisins. Hlutverk matsins er því frekar að leggja mat á ferli og afurðir núverandi samstarfsamnings, en að leggja mat á hvort það hafi skilað árangri gagnvart nemendum.

Árangur forvarna kemur oft ekki í ljós fyrr en að löngum tíma liðnum. Hvað olli breytingunum? Voru það áhrif forvarnaverkefnisins, einstaklingsbundin persónueinkenni, umhverfispættir s.s. foreldrar, vinir, fjölmiðlar, tiskusveiflur, eða eitthvað allt annað? Hægt er að notast við vísbendingar sem tengjast forvarnarverkefninu en erfiðara að sýna fram á orsakasamhengi. Hægt er að meta skammtímaáhrif og ferli, en raunverulegur árangur felst í viðhorfsbreytingum og breyttri hegðun. Það getur tekið ár eða áratugi að breyta viðteknum gildum. Árangur forvarna er því erfiðara að meta þegar þær eru alhliða en þegar um sértækar forvarnir er að ræða. Þeir sem fást við meðferð eiga ögn auðveldar með að meta árangurinn t.d. annaðhvort reykir einstaklingurinn að lokinni meðferð eða ekki.

Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar í þessu mati:

- Aðstoð Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum við framhaldsskóla með tilliti til stefnumörkunar í fíknivörnum og forvarnaráætlanana.
- Ráðgjöf Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum við framkvæmd forvarnaráætlanana í framhaldsskólum
- Námskeiðahald og endurmenntun í fíknivörnum fyrir starfsfólk á vegum verkefnisins
- Kynningarefni Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum í tengslum við verkefnið
- Störf forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum

- Viðhorf nemenda, stjórnenda, forvarnarfulltrúa, námsráðgjafa og annarra starfsmanna verkefnisins
- Árangur af verkefni Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum með framhaldsskólum

## **Aðferðafræði við matið**

Í matinu er stuðst við Röklíkan. (Program Evaluation Logic Model). Það byggir á skoðun á hvað er gert til að verkefnið uppfylli takmark sitt. Hvaða aðföng (resources) og inntak (input) eru ætluð til verkefnisins t.d. starfsmenn FRÆ, forvarnarfulltrúar, forvarnarteymi stefna, reglugerðir og hvernig verkefnið er byggt upp (process), s.s. fræðslufundir, rágjöf, heimsóknir, póstlistar, heimasíða. Afköst eða afurðir (output) prógrammsins t.d. fjöldi funda með forvarnarfulltrúum, fjöldi fræðslubæklinga eða fræðsluefni sem er tiltækt, fjöldi fræðslufunda með forvarnarfulltrúum, fjöldi námskeiða og magn þjálfunar sem forvarnarfulltrúar hafa fengið. Í Röklíkani er veigabýngsti þátturinn mat á árangri (outcomes), hann getur verið skammtímaárangur og tengist í þessu tilfelli beint viðfangsefni FRÆ þ.e. fjöldi starfandi forvarnarfulltrúa, fjöldi þeirra skóla sem hafa forvarnarstefnu, fjöldi skóla sem kynna nemendum sínum forvarnarstefnuna og hafa framkvæmdaáætlun í gangi. Langtíma árangursviðmið tengjast þeim markhópi sem forvarnarstarfið snýr að, ungmennunum. Þar snúa árangursviðmið t.d. að algengi neyslu ávana- og fíkniefna meðal framhaldsskólanemenda.

Byggt er á markmiðum sem sett eru í samningi Menntamálaráðuneytisins við FRÆ. Þar er eingöngu kveðið á um vinnuferli og afköst. Ætla má hver skammtíma árangur á að vera, en ekki er rætt um langtíma árangursviðmið.

## **Upplýsingaöflun**

Við öflun upplýsinga var leitað fanga hjá eftirtöldum aðilum:

- Framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum
- Forvarnarfulltrúum framhaldsskólanna
- Öðrum starfmönnum framhaldsskólanna; skólameisturum, kennurum, námsráðgjöfum og skólahjúkrunarfræðingum
- Einstaklingum sem koma að forvarnarstarfi hjá eftirtöldum aðilum: Jafningjafræðslunni, Landlæknisembættinu, Tóbaksvarnarnefnd og Áfengis- og vímuvarnarráði.
- Fulltrúum nemendafélaga
- Þátttakendum í forvarnarhópum Jafningjafræðslunnar
- Fyrirtækinu Rannsóknir og greining
- Efnislegra gagna var leitað í skýrslum, lögum og reglugerðum, innsendum gögnum frá skólum og ráðuneyti, skýrslum frá FRÆ, meðal annars um framvindu verkefnisins og verkefnaáætlanir, auk þess sem heimasíður skólanna voru rýndar.

Forvarnarfulltrúar allra 26 framhaldsskólanna sem voru á lista FRÆ fengu bréf frá skýrsluhöfundum seinni hluta aprílmánaðar þar sem þeir voru beðnir um að senda

upplýsingar um forvarnarstefnu síns skóla. Þeir voru ennfremur beðnir um að svara nokkrum spurningum um starf sitt og árangur af því. Um miðjan maí og í byrjun júní voru send ítrekunarbréf til þeirra sem ekki höfðu svarað.

Skýrsluhöfundur hitti 11 einstaklinga hjá 5 framhaldsskólum, þetta voru forvarnarfulltrúar, skólameistarar, kennarar, námsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingur bæði á höfðuborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Einnig var rætt við 5 einstaklinga í forsvari fyrir forvarnarstarf hjá samtökum eða stofnunum. Haft var símasamband við fulltrúa nemendafélaga skólanna. Þá voru heimasíður 25 skóla sem matið náði til rýndar með ákveðnar spurningar í huga. Önnur gögn sem notast var við voru skrifleg gögn frá Menntamálaráðuneytinu og FRÆ auk gagna frá þeim aðilum sem rætt var við.

Niðurstöður íslenskra rannsókna á tímabilinu 1996-2003 sem taka til neyslu ávana- og fíkniefna voru kannaðar. Haft var samband við rannsakanda hjá fyrirtækinu Rannsóknir og greining sem hefur unnið að rannsóknum á högum ungs fólks og fengnar upplýsingar úr könnunum á notkun ávana- og fíkniefna meðal framhaldsskólanema frá árunum 1992 og 2002 og meðal grunnskólanema í 10. bekk árin 1997-2002.

## Lýsing á framkvæmd forvarnaverkefnisins

Í desember árið 1996 samþykkti ríkisstjórnin að efla forvarnir gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra ávana- og fíkniefna með áherslu á forvarnir einstaklinga í áhættu fyrir notkun þessara efna auk þess að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni í vanda. Með forvörnum var átt við víðustu skilgreiningu á orðinu og skyldi leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl, aukna sjálfsvirðingu og bættu framtíðarsýn auk áherslu á góðan félagsskap og kjark til að taka eigin ákvarðanir.

Árið 1997 hafði Menntamálaráðuneytið frumkvæði að því að byggja upp forvarnarstarf í framhaldsskólum og var Fræðslumiðstöð í fíknivörnum fengin til að hafa umsjón með skipulagningu og framkvæmd forvarnarstarfs í framhaldsskólum í samstarfi við Menntamálaráðuneytið. Verkefnastjórar frá upphafi hafa verið Árni Einarsson og Sigríður Hulda Jónsdóttir. Ætlað er að starfshlutfall við þetta verkefni sé u.þ.b. 20% hjá hvoru.

Frá því að FRÆ tók að sér að hafa umsjón með þessu verkefni hefur FRÆ sent ráðuneytinu áætlun um starfið sem og framvinduskýrslu fyrir hvert skólaár. Í samstarfi við Endurmenntunarstofnun HÍ og Menntamálaráðuneytið voru upphaflega haldin námskeið fyrir starfsfólk framhaldsskólanna sem starfaði í beinum tengslum við nemendur.

Árið 1997 var haldið þriggja daga námskeið um áhættuhegðun og viðbrögð við henni. Árið 1998 var haldin röð sex klukkustunda námskeiða víðsvegar um landið um áhættu með tilliti til fíkniefnaneyslu og sjálfsvíga. Sama ár var haldin tveggja daga ráðstefna um Vímuvarnir á tímamótum. Árið 1999 var síðan boðið upp á dagsnámskeið um áhættuhegðun ungs fólks, sjálfsvíg og ofbeldi.

Haldnir hafa verið fræðslu- og upplýsingafundir með forvarnarfulltrúum tvisvar á ári, vor og haust. Þá koma saman allir forvarnarfulltrúar sem eiga heimangengt, skiptast á reynslu og þekkingu, byggja upp samkennd og hlýða á fyrirlestra ýmissa sérfræðinga á sviði forvarna. Dagskrá fundanna er þéttskipuð og hefur þurft að velja efni þeirra gaumgæfilega. Það er gert í samráði við forvarnarfulltrúana. Stuttar kynningar eru

hluti af árlegum vinnudögum forvarnarfulltrúa og einnig er öllum heimilt að koma tilkynningum og fréttum á framfæri á póstlista forvarnarfulltrúa. Það hafa margir notfært sér með góðum árangri.

FRÆ hefur sett upp heimasíðu þar sem hægt hefur verið að afla sér itarefnis um ýmsa þætti forvarna, þar er einnig lokaður póstlisti fyrir forvarnarfulltrúa sem er mikið notaður til skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar. Þá býður FRÆ upp á einstaklingsbundna ráðgjöf til skóla varðandi stefnumótun í forvarnarmálum og framkvæmd hennar. Þessi þjónusta sem og önnur þjónusta sem er lýst hér að ofan er skólunum að kostnaðarlausu.

Skólar eru íhaldsamir á sínar hefðir, því var afráðið að byrja á að byggja stafið innan frá. Forvarnaráætlun vinnur hver skóli út frá eigin forsendum. Þeir eru í eðli sínu ólíkir og aðstæður skólanna misjafnar t.d. hvað varðar fjölda nemenda og starfsmanna, staðsetningu, umhverfi, búsetu nemenda og samsetningu nemendahópsins. Skólarnir hafa þurft að koma á forvarnarstarfi án sérstakrar fjárhagslegrar umbunar. Af þessum sökum hefur uppbyggingin án efa tekið lengri tíma en ella. Byrjað var á að finna einstaklinga innan skólanna sem höfðu áhuga á forvörnum og þeir fengnir til samstarfs. Í kjölfarið viðurkenndu skólarnir þetta starf, og fleiri skólar hafa bæst við. Hver forvarnarfulltrúi heldur utan um sín gögn. Alltaf er einhver nýliðun meðal forvarnarfulltrúa og fylgist FRÆ með breytingunum og kemur á sambandi við nýja fulltrúa.

FRÆ hefur árlega sett fram markmið næsta árs og sent þau til Menntamálaráðuneytisins ásamt skýrslu um framvindu verkefnisins.

Megináhersla hefur verið lögð á að hver skóli hafi:

- Forvarnarstefnu /vímuvagnarstefnu,
- Starfandi forvarnarfulltrúa og forvarnarteymi.
- Að forvarnarstefna hvers skóla sé öllum kunn, nemendum, starfsmönnum, foreldrum
- Að nemendum sé ljós hvaða hegðun skólinn samþykkir og hvaða viðurlög eru við brotum.
- Að starfið taki mið af aðstæðum á hverjum stað þar sem starfsumhverfi framhaldsskólanna er ólíkt.

### **Skólaárið 1998-1999**

- Við upphaf skólaárs verði starfandi forvarnarfulltrúi í öllum framhaldsskólum
- Tilbúin verði a.m.k. drög að forvarnaráætlun í skólunum sem unnið verði eftir.
- Forvarnarfulltrúar styrktir innan skólanna til að bæta aðstöðu þeirra við að bæta og þróa forvarnaráætlun skólanna.
- Haldnir fundir með forvarnarfulltrúum og dagsnámskeið í nóvember 1998 og apríl 1999.
- Koma upp póstlista fyrir forvarnarfulltrúa haustið 1998
- Heimsóknir í skóla til kynningar á forvörnum í framhaldsskólum

### **Skólaárið 1999-2000**

- Fundur með forvarnarfulltrúum í upphafi hvorrar annar
- Stuðningur við einstaka forvarnarfulltrúa
- Nettenging og gerð heimasíðu
- Námskeiðsdagur í lok október

- Kynningarfundir og heimsóknir í skólana, námskeið ef óskað er
- Mat á námsefnisþörf í tengslum við lífsleikni
- Breytt fyrirkomulag farandsálfræðipjónustu
- Tenging Jafningjafræðslu við uppbyggingu forvarna
- Leiðir til að meta forvarnarstarfið kannaðar

### **Skólaárið 2000-2001**

- Haust og vorþing forvarnarfulltrúa
- Samvinna við skólastjórnendur þar sem engir forvarnarfulltrúar eru.

### **Skólaárið 2001-2002**

- Haustþing forvarnarfulltrúa
- Einstaklingsbundið samband við forvarnarfulltrúa til stuðnings við mótun starfsáherslna fyrir skólaárið og stuðningur við nýja forvarnarfulltrúa
- Efla tengsl milli forvarnarfulltrúa, miðlun reynslu og hugmynda
- Vorþing forvarnarfulltrúa

### **Skólaárið 2002-2003**

- Áhersla á stuðning við nýja forvarnarfulltrúa
- Upplýsingamiðlun um stöðu forvarna í skólunum og notadrjúgar upplýsingar við forvarnarstarfið
- Heimsóknir í skóla ef óskað er eftir þeim
- Áhersla á einstaklingsbundna vinnu með skólunum og góð tengsl við forvarnarfulltrúa
- Haustþing forvarnarfulltrúa
- Vorþing forvarnarfulltrúa
- Greinaskrif um forvarnarstarf t.d í Morgunblaðið

## ***Samantekt á afköstum***

- Árin 1997 og 1998 var haldin röð sex klukkustunda námskeiða um áhættuhegðun barna og unglínga og viðbrögð við henni fyrir starfsfólk framhaldsskóla um allt land. Þessi námskeið voru haldin í samvinnu við FRÆ, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Námskeiðin voru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem fíkniefnamál og annar vandi nemenda brennur mest á innan skólanna; námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðinga, skólastjórnenda og umsjónakennara. Fjallað var um áhættuhegðun, sjálfsvíg, fíkniefnaneyslu og kynferðislegt ofbeldi. Þá bauðst einnig aðstoð við stefnumótun í fíknivörnum.
- Haustið 1998 var haldið sérstakt námskeið fyrir forvarnarfulltrúa framhaldsskólanna.
- Á haustfundum hefur verið fjallað um ýmsar hliðar forvarna og fengnir fyrirlesarar um margvíslega þætti til upplýsingar og fróðleiks fyrir forvarnarfulltrúa.
- FRÆ hefur boðið starfsfólki framhaldsskólanna upp á símaráðgjöf og handleiðslu vegna vandamála tiltekinna nemenda auk möguleika á að fá

sérfræðing í heimsókn. Sá hluti þjónustunnar sem snýr að símaráðgjöf hefur ekki verið mikið notaður.

- Árið 1999 var sett upp heimasíða með ýmsum upplýsingum.
- Sameiginlegur póstlisti til að auðvelda forvarnarfulltrúum starf sitt. Póstlistinn er mikilvægur samskiptavettvangur forvarnarfulltrúa. Verkefnisstjóri hefur reglulega samband við ýmsa forvarnarfulltrúa og sendir póst á póstlista.
- Kynningarefni: Kynningarefni í fjórblöðungi var gefið út árin 1997-1998 og 1999. Í honum var kynntur stuðningur fyrir starfsfólk framhaldsskóla varðandi forvarnir. Stuðningur fólst í ráðgjöf (síma- og farandráðgjöf), námskeiðum og fræðslufyrirlestrum um áhættuhegðun og einkenni hennar og farandnámskeið fyrir skólana þar sem fjallað vara um stefnumörkun í vímuevörnum, frumkvæði og ábyrgð í félagsstarfi með unglingum.
- Í lok maí 1999 sendu 18 skólar inn greinargerðir til FRÆ. Kom fram að í níu skólum voru starfandi forvarnarfulltrúar og um haustið bættust fjórir skólar við. Í tólf skólum voru starfandi forvarnarteymi eða starfshópur sem ætlað er að skipuleggja forvarnarstarf í skólanum. Í 11 skólum lá fyrir forvarnaráætlun sem unnið var eftir og einn skóli til viðbótar ætlaði að nota næsta skólaár til að klára forvarnaráætlun
- Alls 16 skólar höfðu nýtt sér ráðgjöf frá FRÆ
- Við lok skólaársins 2002 voru 23 framhaldsskólar með starfandi forvarnarfulltrúa. Tveir framhaldsskólar sinna forvörnum í samráði við aðra aðila í viðkomandi sveitafélögum, um er að ræða litla framhaldsskóla úti á landi.
- Starfslýsing forvarnarfulltrúa er til en vegna þess hve umfangsmikil hún er geta fæstir náð að uppfylla hana.

## ***Samantekt úr svörum forvarnarfulltrúa***

Sendar voru spurningar til forvarnarfulltrúa í 26 skólum. Eftir tvær ítrekanir höfðu borist svör frá 15 forvarnarfulltrúum.

Ástæður fyrir lágu svarhlutfalli geta verið ýmsar, en hallast er að því að veigamikil ástæða geti verið hversu seint á skólaárinu matið kemur til. Prófanir, síðustu kennsludagar og skólalok eru þau verkefni sem taka hug manna eftir páska. Önnur ástæða gæti verið tímaskortur vegna annarra anna og endurspeglun á forgangsroðun. Það hefur tekið a.m.k. klukkutíma eða tvo að svara viðkomandi spurningum og það er í sumum tilfellum riflegur sá tími sem ætlaður er vikulega til starfa forvarnarfulltrúa.

Hér á eftir fara spurningar þær sem sendar voru forvarnarfulltrúum og samantekt á svörum við þeim auk þess er samantekt úr viðtölum við starfsmenn skólanna fléttuð inn í.

### **Hversu mörg ár skólinn hefur tekið þátt í samstarfi við FRÆ?**

- Samstarfið hefur varað allt frá 1997 hjá fyrstu skólunum og þeir nýjustu höfðu hafið samstarf árið 2002. Einn skóli taldi að ekki væri um neitt samstarf að ræða. Þá gefa svörin til kynna að nokkuð sé um skipti á forvarnarfulltrúum og að þeir sem hafa sinnt hlutverki forvarnarfulltrúa í skamman tíma hafa oft ekki

yfirsýn yfir starfsemi forvarnarfulltrúa fyrri ára. Eitthvað er um að starfsemin falli niður um hríð meðan skipt er um forvarnarfulltrúa og að kennurum eða öðru starfsfólki sé ýtt út í þetta hlutverk án þess að viðkomandi hafi teljandi áhuga eða þekkingu. Það er mat flestra forvarnarfulltrúanna að til að ná viðunandi árangri sé algert grundvallaratriði að viðkomandi hafi brennandi áhuga, ekki síst vegna þess að fólk þurfi að vera tilbúið að verja meiri tíma í verkefnið en áætlaður er til þess.

### **Er til stefna skólans í forvarnarmálum og er hún ein af afurðum samstarfsins við FRÆ?**

- Í ljós kom að flestir skólar telja sig hafa stefnu í forvarnarmálum þó hún sé misjafnlega ítarlega unnin. Einn skóli taldi að stefna í forvarnarmálum hafi í raun verið til áður en til samstarfsins kom, tveir skólar töldu að ekki væri til stefna í forvarnarmálum ennþá. Aðrir töldu að ef ekki hefði komið til samstarfs við FRÆ hefði ekki myndast skilningur á nauðsyn þess að skólinn hefði stefnu í þessum málum. Því hefði samstarfið við FRÆ ýtt við skólayfirvöldum í forvarnarmálum.
- Varðandi stefnu og hvernig gengur að framfylgja stefnunni er það af mörgum talið “ótrúlega erfitt”. Kemur margt til; Ekki eru allir ásáttir um hversu langt skal ganga. Tóbaksnotkun býr reyndar við mjög ákveðin lög og viðurlög og virðist nokkuð almenn sátt um að fara að þeim lögum. Þegar kemur að áfengisnotkun, jafnvel meðal ólögráða unglunga eru bæði skólareglur og viðhorf foreldra sveigjanlegri. “Margir foreldrar viðurkenna og samþykkja áfengisneyslu barna sinna löngu áður en þau hafa náð löggaldri”. Ekki er nauðsynlega stefnt að algjöru ævilöngu bindindi, heldur að því að seinka því að nemendur hefji neyslu. Viðhorf fullorðinna, foreldra, kennara og jafnvel forvarnarfulltrúanna sjálfra séu ekki afdráttarlaus gegn neyslu áfengis unglunga undir 18 ára aldri. Skólareglurnar vísa jafnvel í “góða hegðun”, en ekki bann við áfengisneyslu. Vegna þessara ólíku viðhorfa er ekki síst nauðsynlegt að vinna meira í viðhorfum foreldra.

### **Hver yrði hugsanleg afleiðing ef samstarfi við FRÆ yrði hætt?**

- Margir töldu að það gæti haft mjög alvarleg áhrif á störf forvarnarfulltrúa. Þeir ættu á hættu að einangrast og brenna upp í starfinu fyrir en ella. Auk þess mundi umræðan minnka og þar með áherslur á þetta hlutverk. Störf forvarnarfulltrúa hefðu vakið umræðu og áhuga í mörgum skólum og viðhorf fólks væru smám saman að breytast í þá átt að það hefði skilning á mikilvægi forvarna í framhaldsskólum. Aðrir, en færri, voru þeirrar skoðunar að starfið mundi halda áfram, en ef til vill í öðrum farvegi.

### **Forvarnarfulltrúar voru beðnir að senda inn stefnu skólans eða vísa á hvar hún væri aðgengileg.**

- Sendar voru inn forvarnarstefnur frá 5 skólum. Leitað var fanga á Netinu til að kanna hvort þessi gögn frá öðrum skólum væru aðgengileg þar. (Sjá umræðu á bls. 21)

### **Hvaða árangur sérð þú af samstarfi við FRÆ um forvarnir?**

- Árangurinn er margvíslegur að mati forvarnarfulltrúanna þó ekki hafi farið fram kerfisbundnar mælingar á ástandi fyrir og eftir. Svör þeirra byggja á

reynslu og tilfinningu. Skólinn er að sinna þessum málum á markvissari hátt en ella. Það eru breytt viðhorf hjá samkennurum, foreldrum og nemendum.

- Þá hafa myndast tengsl milli einstakra forvarnarfulltúa/skóla sem hafa nýst vel.

### **Hvaða þjónustu FRÆ er mest notuð?**

- Forvarnarfulltrúar hafa samskipti sín á milli og hittast tvisvar á ári til að skiptast á hugmyndum og reynslu. Það er sterkur stuðningur af FRÆ sem bakhjarli við stefnumótun og sem hugmyndabanka og á fundunum vor og haust eru fræðsluerindi sem nýtast í starfinu.
- Allir sem afstöðu taka og hafa sótt fundina telja þá veita mikinn stuðning og góðar upplýsingar. Hinsvegar kemur einnig fram sú skoðun að það vanti meiri og markvissari fræðslu fyrir forvarnarfulltrúa.
- Það er mikil notkun á lokuðum póstlistum á vefsíðu FRÆ og hafa umræður og skoðanskripti á honum þróast í að vera hreinskilin og gagnleg.
- Ráðgjöf “Hægt er að senda Árna og Sigríði spurningar og fá um hæl greinargóð svör”.
- Forvarnarfulltrúar virðast almennt ekki sækja sér mikinn fróðleik um forvarnir til FRÆ og efni sem FRÆ býður upp á “er af skornum skammti”. Þó er líka nefnt að þangað sé að sækja fróðleik. Á meðan mat þetta fór fram var vefsíða FRÆ ótengd þannig að ekki reyndist unnt að leggja mat á umfang fræðsluefnis á vefsíðu FRÆ.
- Frumkvæði að samstarfi hefur meira legið hjá skólunum en FRÆ.

### **Hver eru helstu hlutverk forvarnarfulltrúa?**

- Hlutverk forvarnarfulltrúa eru mjög breytileg eftir skólum og einstaklingum sem sinna verkefninu. Nokkrir skólar hafa sett fram starfslýsingu forvarnarfulltrúa og kynnt sérstaklega fyrir nemendum. Hlutverk forvarnarfulltrúa skarast óhjákvæmilega við hlutverk ýmissa annarra starfsmanna skólans s.s. námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga. Í sumum tilfellum er þetta ein og sama manneskjan sem sinnir mörgum hlutverkum og það er ekki alltaf auðvelt að skilja á milli hvort viðkomandi er að sinna nemanda eða sem forvarnarfulltrúi eða eitthvað annað.
- Verkefni eru breytileg eftir skólum; reglulegir viðtalstímar, ráðgjöf, upplýsingamiðlun til nemenda á vef eða í tölvupósti, kennsla í lífsleikninámskeiðum, fræðsla um forvarnir, að bjóða utanaðkomandi aðilum að halda fræðslu fyrir nemendur, fylgja eftir ábendingum um neyslu, eftirlit á skólaskemmtunum, fylgjast með nemendum sem eru í áhættu, fundir með nemendum, kennurum og foreldrum, samstarf við nemendafélög og félagsmálafulltrúa um skipulagningu og framkvæmd félagsstarfs, samstarf við forvarnarfulltrúa sveitarfélaga, lögreglu og Jafningjafræðslu svo eitthvað sé nefnt.
- Hver skóli mótast starf síns forvarnarfulltrúa á sínum forsendum, sem mótast af stærð, staðsetningu og aldurssamsetningu nemendahópsins auk tíma og áhuga. Misjafnt er hversu sýnilegir forvarnarfulltrúar eru á skólaskemmtunum, allt frá að vera ekki til staðar og í að vera í eftirlits- eða löggæsluhlutverki. Nemendafélög í skólunum eru misvirk í samstarfi með forvarnarfulltrúunum, þó flestir eigi gott samstarf, ef eitthvað er. Samstarf við Jafningjafræðsluna er almennt lítið og nefna nokkrir forvarnarfulltrúar að nauðsynlegt sé að auka það.



- Hugmyndafræðilega nálgast skólarnir og forvarnarfulltrúarnir afstöðu sína til notkunar á ávana- og fíkniefnum á mismunandi máta og tengist það væntanlega því að allir eru að vinna þetta á eigin forsendum. Þetta birtist í því að nánast er einblínt á áfengisneyslu og neyslu ólöglegra vímuefna í mörgum skólum. A.m.k. tveir skólar líta á forvarnarstarf út frá heildrænu sjónarmiði. Að allt skólastarf byggist á því að nemendum sé búið umhverfi það sem þeim á að geta liðið vel. Forvarnir séu því hluti af skólastarfi og beinist að allri áhættuhegðun, þær “fari ekki fram á milli 10-12 á fimmtudögum heldur alltaf” eins og einn forvarnarfulltrúinn orðaði það. Þetta allt ræðst ekki síst af hugmyndafræði skólastjórnenda varðandi skólastarfið í heild.
- Forvarnarfulltrúar hafa líka það hlutverk að kalla saman forvarnarteymi sem er stuðningshópur við hlutverk þeirra. Ekki eru allir skólar enn með virk forvarnarteymi. Það er nokkuð breytilegt eftir skólum hverjir veljast í þessi teymi, en algeng samsetning er, stjórnendur skólans auk félagslífsfulltrúa, námsráðgjafa, kennara, skólahjúkrunarfræðinga og annarra sem sinna tengdum málum í kennslu s.s. íþróttakennarar, lífsleiknikennarar og náttúrufræðikennarar.
- Eiginleikar sem forvarnarfulltrúar þurfa að búa yfir eru: Áhugi, samskiptahæfni, raunsæi, frumkvæði og útsjónarsemi, þá þurfa þeirra að búa yfir bæði þekkingu og þjálfun á forvörnum.

### **Hvar í skólastarfinu er hægt að merkja árangur af stefnumótun um forvarnir og starfi forvarnarfulltrúa?**

- Allir skólarnir hafa samþætt forvarnir inn í skyldunámskeiðið Lífsleikni á fyrsta ári, en hafa nokkuð frjálstar hendur um vægi þessa liðar þar undir. Skólunum er nokkuð frjálst að ákveða hvernig þeir nálgast viðfangsefnið, en algengt er að forvarnarfulltrúi fari í Lífsleiknitíma til að kynna hlutverk sitt. Tveir skólar nefndu mikilvægi samþættingar í allt skólastarfið.
- A.m.k. einn skóli hefur að auki þróað nýjan áfanga sem byggir á sköpunargleði nemenda og vímulausu starfi. Nemendur setja upp söngleik og hefur þetta gefið svo góða raun að það hefur verið endurtekið.
- Margir skólar sinna forvörnum á sérstökum nemendadögum eða þemadögum.
- Þar sem virkur forvarnarfulltrúi starfar hefur bragur á skemmtunum nemenda breyst og nemendur eru jafnvel tilbúnir að láta reyna á áfengislausar skemmtanir. Í þeim skólum þar sem náðst hefur samstaða með nemandafélagi um slíkt hefur það tekist vel, þó ekki alltaf í fyrstu atrennu. Því tók t.d. einn skóli til þess að lofa að greiða tap nemandafélagsins af áfengislausri árshátíð til að fá samstarf um málið. Árshátíðin heppnaðist vel og ekkert tap var á skemmtuninni. Fleiri skólar hafa bryddað upp á allskyns nýjungum í félagslífi til að auka kosti nemenda á vímulausri skemmtun, Galakvöld, flúðasiglingar, kaffihúsakvöld og fleira. “Skólabragur og skólaskemmtanir hafa breyst, hljómsveitum og löggæslu þykir sem þeir séu komnir á fermingarsamkomur” eins og einn forvarnarfulltrúi orðaði það sem að.
- “Unglingar virðast umburðarlyndari gagnvart því að verið sé að halda utan um þá”
- “Kannski hefðu fleiri flosnað upp úr skóla. Nú er tekið öðruvísi á þessum málum hjá nemendum, nú höfum úrræði í stað þess að vísa þeim strax úr skóla”

## **Hve mikilvægur er stuðningur skólastjórnenda og stuðningur nemendafélaga við störf forvarnarfulltrúa?**

- Allir voru sammála um mikilvægi stuðnings bæði skólastjórnenda og nemendafélaga.
- Þar sem forvarnarfulltrúar telja sig hafa náð hvað bestum árangri í sínu starfi hefur þessi stuðningur verið fyrir hendi. “Skólameistari sýnir þessu starfi mikinn áhuga og stuðning”
- Enn eru nokkrir forvarnarfulltrúar að berjast við lítið svigrúm skólastjórnenda, eða skilningsleysi, til að sinna forvörnum og birtist hann á ýmsan máta, t.d. í fjölda þeirra klukkustunda sem forvarnarfulltrúum er úthlutað, litlum áhuga á að kynna starfið á kennarafundum, litlum skilningi á þörf fyrir sérstaka forvarnarstefnu, í litlum áhuga á samþættingu forvarna í námsefni ólíkra námsgreina og í viðhorfum sem líta á skólastarf út frá þröngum námsmarkmiðum, en tengja ekki námsárangur við vellíðan nemenda. “Minn skólameistari sagði að ekki væru líkur á að þessari starfsemi verði haldið áfram vegna fjárskorts”
- Stuðningur nemendafélagsins birtist meðal annars í eftirfarandi. “Þeim er í mun að ég sé ánægð með hvernig skemmtanirnar fara fram”
- Stuðningsleysi nemendafélaga getur birst í takmörkuðum áhuga á að beita sér fyrir nýjungum í vímulausu félagsstarfi og takmörkuðum áhuga á samstarfi við forvarnarfulltrúa. Þar sem þessi viðhorf eru enn við líði eru forvarnarfulltrúar þó á því að eitthvað hafi áunnist og að viðhorfin séu að breytast. Það fer eftir stjórn nemendafélaganna á hverjum tíma hversu mikinn stuðning þeir sýna starfi forvarnarfulltrúa. Þess vegna getur afstaða breyst árlega, þ.e. þegar stjórnarskipti eiga sér stað.

## **Hversu mörgum klukkutímum á viku verðu til starfsins sem forvarnarfulltrúi og er sá tími nægur að þínu mati?**

- Tíminn sem forvarnarfulltrúum er ætlaður til að sinna forvörnum og tíminn sem þeir verja til starfsins er sjaldan sá sami. Algengur tími sem ætlaður er til starfsins er 1-3 tímar á viku og í sumum skólum upp í 10 klst á viku. Stærð skólans segir ekki alltaf til um tímafjöldann. Allir forvarnarfulltrúarnir telja að til að sinna þessum málaflokki sem skyldi þyrftu þeir meiri tíma og nefna allt að 50% starfshlutfall. Þetta fer þó eftir aðstæðum á hverjum stað og hvaða aðilar aðrir geta komið að stuðningi við nemendur. Helsta vandamálið er að það er háð skilningi skólastjórnenda og því fjárhagslega svigrúmi sem þeir hafa hversu mikill tími fæst í verkefnið. Tveir forvarnarfulltrúar sögðu að til stæði á næsta skólaári að skera niður í ekki neitt starf forvarnarfulltrúa, vegna slæmrar fjárhagsstöðu skólanna. Störf forvarnarfulltrúa eru ýmist greidd sem yfirvinna, í hækkun launflokka eða með minnkun á kennsluskyldu, en margir telja að þeir sinni þessu líka í sjálfböðastarfi. “Það er erfitt að fá greitt fyrir störf sem ekki eru kennsla”.

## **Hvaða aðilar utan skólakerfisins telja forvarnarfulltrúar mikilvægasta í forvörnum?**

- Flestir voru sammála um að foreldrar gegndu lykilhlutverki í forvörnum og móttun viðhorfa, einkum á yngri árum, síðan tekur jafningjahópurinn við, en foreldrar sinntu enn lykilhlutverki. Nemendur sem hafa frumkvæði í forvarnarmálum eru oft litnir hornauga, en þetta er að breytast. Lögð var áhersla á að í Jafningjafraeðslunni væru krakkar sem væru leiðtogar en ekki

“looserar” í augum félaga sinna. Lögregla og fjölmiðlar fengu líka atkvæði sem atkvæðamiklir aðilar í forvörnum.

## **Upplýsingar frá aðilum utan framhaldsskólanna sem starfa að forvörnum**

Í dag koma margir aðilar að forvarnarstarfsemi á framhaldsskólastigi. Án þess að um tæmandi yfirlit sé að ræða eru hér nefndir til sögunnar aðilar sem rætt var við og hafa haft bein eða óbein tengsl við forvarnir í framhaldsskólum. Leitað var eftir upplýsingum um þekkingu þeirra á starfi FRÆ með framhaldsskólum á sviði forvarna, skörun verkefna og samstarfi þessara aðila við FRÆ.

Þessir aðilar eru; Áfengis- og vímuvarnarráð, Tóbaksvarnarnefnd, Jafningjafræðslan, og Landlæknisembættið. Hver þessara aðila sinnir forvörnum á ólíkan máta, beint eða óbeint, enda byggir þeirra starf á ólíkri hugmyndafræði.

### **Tóbaksvarnarnefnd.**

Tóbaksvarnarnefnd var stofnuð með lögum nr.74/1984. Með breytingum á tóbaksvarnarlögum árið 1996 hafa fjárveitingar til tóbaksvarna hækkað umtalsvert árlega. Tóbaksvarnarnefnd hefur lítil bein afskipti af forvarnarstarfi í framhaldsskólum. Hún hefur einbeitt sér meira að grunnskólanum og Vinnuskólanum á sumrin. Nemendafélög framhaldsskóla geta þó fengið hjá þeim auglýsingu í skólablað gegn sérstökum samningi.

Tóbaksvarnarnefnd hefur samkomulag við Krabbameinsfélag Íslands (KÍ) um að afgreiða fyrirspurnir frá framhaldsskólum varðandi reykingavarnir og sér forvarnarfulltrúi KÍ um tóbaksvarnarfræðslu í framhaldsskólum fyrir Tóbaksvarnarnefnd.

Nefndin hefur ekki látið útbúa sérstök námskeið og kennslufni í reykingavörnum í framhaldsskólum. Ekki hafa verið mikil viðbrögð frá framhaldsskólunum við tilboðum Tóbaksvarnarnefndar til kennara að sækja fræðslufyrirlestra. Það er túlkað sem lítill áhugi á tóbaksvörnum.

Allt of fáir skólar virðast leggja áherslu á að sinna tóbaksvörnum vel. Kannski vegna þess að tóbaksvarnir styðjast við afdráttarlausari lög en áfengis og vímuvarnir. Síðasta mæling á tóbaksnotkun 12-16 ára sýndi að fækkun þeirra sem reykja frá 1984 er um 41%. Tóbaksvarnarnefnd hefur um nokkurt skeið óskað eftir árlegum mælingum á tóbaksnotkun í framhaldsskólum, en einungis fengið viðunandi viðbrögð frá tveimur skólum.

Þó Tóbaksvarnarráð hafi notað sambland af öllum forvarnaraðferðum hefur meiri áhersla verið lögð á að ná til unglinga með auglýsingaherferðum og samkeppnum af ýmsu tagi, en á fræðslu inni í skólunum. Einnig heldur nefndin úti öflugri heimasíðu, reyklus.is. Í gangi hafa verið t.d. samkeppnir um reyklusu bekkir og oft er beitt “aggressivum” aðferðum sem hafa verið gagnrýndar.

Nefndin hefur áhuga á að hafa betri tengsl og ná betur til framhaldsskólanna.

Ef Tóbaksvarnarnefnd hefur þurft að koma skilaboðum til forvarnarfulltrúa hefur FRÆ séð um að gera það í gegn um sitt tengslanet. Starfsmenn Tóbaksvarnarnefndar og Krabbameinsfélags Reykjavíkur hafa komið á tengslafundi með forvarnarfulltrúum til að kynna starf sitt og einnig aðstoða forvarnarfulltrúa sem hafa haldið námskeið fyrir nemendur sem vilja hætta að reykja. Lítil samskipti eru að öðru leyti við FRÆ. Það er helst einu sinni til tvisvar á ári á samstarfsfundum þeirra sem starfa að forvörnum. Þar hittast menn og skiptast á upplýsingum um hvað aðrir eru að gera.

FRÆ virðast hafa meiri áhuga á áfengi og eiturlyfjum en tóbaksvörnum, hefur t.d. aldrei sótt um styrk til forvarnarverkefna í framhaldsskólum hjá Tóbaksvarnefnd, en FRÆ hefur fengið styrki til annarra verkefna hjá nefndinni m.a. við útgáfu bókarinnar “Fíkniefni og forvarnir, handbók fyrir heimili og skóla”.

### **Áfengis og vímuvarnarráð.**

Áfengis- og vímuvarnarráð var stofnað með lögum nr. 76/ 1998 í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem samþykkt var í desember 1996. Markmið með starfsemi ráðsins er að “uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu.” Ráðið byggir starf sitt á niðurstöðum rannsókna á sviði vímuvarna og stöðugu mati á árangri. Ráðið starfar með öllum sem vinna að vímuvörnum hjá opinberum stofnunum og félagasamtökum og hvetur til fjölbreyttra verkefna. Hlutverk ráðsins er m.a. að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og unglunga með forgangsmarkmið sem snýr að vímulusri æsku undir sjálfræðisaldri. Áfengis- og vímuvarnarráð stendur fyrir rannsóknum á neyslu áfengis- og vímuefna. Í rannsókn sem gerð var meðal framhaldsskólanema fyrir ráðið á vegum Rannsókna og greiningar árið 2000 kom í ljós að unglingar á aldrinum 16-19 ára reyktu minna árið 2000 en árið 1992, neysla áfengis síðustu 30 daga fyrir rannsóknina var minni árið 2000 en árið 1992, en hassneysla og neysla annarra vímuefna hafði aukist. Þá er aukning á notkun á munntóbaki meðal pílta.

Í könnun á þróun vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk árin 1997-2002 virðist algengi notkunar áfengs, tóbaks og hass í öllum tilfellum fara minnkandi.

Forvarnarsjóður Áfengis- og vímuvarnarráðs styður við grasrótastarf í sveitarfélögum, meðal foreldra, innan skóla, í heilsugæslu og tómstundastarfi. Auk þess að reka aðgengilegt gagnasafn og heimasíðu, býður ráðið upp á fræðslu og ráðgjöf, en hefur ekki frumkvæði að fræðslu í framhaldsskólum. Samstarf við FRÆ er ekki mikið, en hittast á árlegum samráðsfundum þeirra sem starfa að forvörnum. FRÆ hefur sótt um í Forvarnarsjóð.

### **Jafningjafræðslan**

Markmið með Jafningjafræðslunni er ekki að prédika heldur að hvetja, ungt fólk til að hugsa um hvað það vill í lífinu og hvort áhættuhegðun hjálpar því til að komast þangað. Þetta er m.a. gert með því að aðstoða ungmenni við að bæta sjálfsmyndina. Engin ein lína er tekin, reynt er að mæta unglungum á þeirra eigin forsendum. Jafningjafræðslan er byggð á fyrirmynd frá Danmörku. Hún er í samstarfi við Áfengis- og vímuvarnarráð og sækir samstarfsfundi með þeim, hún tekur líka þátt í verkefninu “Náum áttum” á vegum ráðsins.

Öll þjónusta sem Jafningjafræðslan veitir einstaka skólum er á kostnað skólanna. Það þýðir að sumir skólastjórnendur eru ekki mjög ákafir í að fá Jafningjafræðsluna í heimsókn. Jafningjafræðslan hefur ekki verið með foreldrafræðslu, en foreldrar leita stundum til Jafningjafræðslunnar með áhyggjur eða vandamál.

Enn eru ekki til forvarnahópar á vegum Jafningjafræðslunnar í öllum framhaldsskólum. Flestir hópar byrjuðu síðasta haust og þeir voru í nánustu samstarfi við forvarnarfulltrúa skólanna. Þátttakendur í forvarnarhópum staldra oft stutt við í hópnum og er mikil nýliðun. Þetta skapar ákveðið vandamál. Þar sem forvarnarfulltrúar eru lítið virkir er erfiðara fyrir Jafningjafræðsluna að komast inn. Þó

eru líka til skólar þar sem eru mjög virkir og áhugasamir forvarnarfulltrúar sem af einhverjum ástæðum hafa ekki áhuga á að starfa með Jafningjafræðslunni. Almennt mætti vera meira samstarf við framhaldsskólana. Jafningjafræðslan lítur á forvarnarfulltrúa sem sína helstu samstarfsaðila innan skólanna og eru forvarnarhópar Jafningjafræðslunnar í meiri tengslum við þá en nemendafélögin.

Samstarf við FRÆ lítið, en gott og framkvæmdastjóri FRÆ er “boðinn og búinn” til aðstoðar ef til hans er leitað t.d. við að koma á sambandi við forvarnarfulltrúa. Jafningjafræðslunni hefur verið boðið á fund með forvarnarfulltrúum til að kynna starfi þeirra, kynna starfsemi sína og ræða samstarf við forvarnarfulltrúa a.m.k. Þrisvar sinnum frá árinu 1998 Varðandi viðhorf nemenda til forvarnastarfs er tilfinningin sú að þeir hafi jákvæðara viðhorf til forvarnarmála í dag en t.d. fyrir 3 árum.

### **Landlæknisembættið**

Landlæknisembættið hefur ekki bein afskipti af forvörnum í framhaldsskólum. Það stóð fyrir heilsuefningu í framhaldsskólum, sem stóð yfir í þrjú ár. Það verkefni byggir á að forvarnir í skólum séu ekki teknar út sem sérverkefni með þröngan fókus, heldur séu eðlilegur hluti af skólastarfinu og daglegri heilsuefningu. Ekki er sama hver tekur forvarnarstarf að sér. Mikilvægt er að forvarnir séu ekki aukastarf heldur eðlilegur liður í skólastarfi og að þeir sem sinna því hafi fengið góða fræðslu og þjálfun. Ekki er nóg að hafa bara samskiptanet, heldur þarf að þjálfra kennara í að sinna þessu verkefni.

Landlæknisembættið hefur ekki mikið samstarf við FRÆ.

### ***Samantekt á viðræðum við forvarnaaðila utan skólanna varðandi samstarf við FRÆ.***

Samstarf allra þessara aðila við FRÆ hefur nánast takmarkast af árlegum samráðsfundi einu sinni á ári. Takmarkað samstarf var ekki talið vera vegna skorts á samstarfsvilja, frekar vegna frumkvæðis- og tímaleysis allra aðila. Allir forvarnaaðilarnir höfðu áhuga á meira samstarfi og einkum á tækifæri til að komast inn á fundi FRÆ með forvarnarfulltrúum skólanna til að kynna starfsemi sína og möguleika. “Þetta þurfa ekki að vera nema 10 mínútur” á hvern aðila, sem gætu komið áleiðis skilaboðum t.d um styrki og möguleika á stuðningi frá þessum aðilum. Skólar kvarta allir undan skorti á fé til forvarna, en eru almennt ekki að sækja í þá verkefnasjóði sem eru til s.s. Forvarnasjóð og hjá Tóbaksvarnarnefnd.

Ekki síst er þörf á árlegri kynningu þar sem mannaskipti meðal forvarnarfulltrúa eiga sér alltaf stað. Einn aðili taldi að það væri erfitt að “fá að” komast inn á þessa fundi. Ekki var talið að um mikla skörun verkefna við FRÆ væri að ræða.

Að öðru leyti var almenn skoðun þessara aðila að fundir með forvarnarfulltrúum tvisvar á ári sé lyftistöng fyrir þá og sýnist að starfið sé að bera árangur. Það er almenn skoðun að stuðningur og utnumhald skili árangri til lengri tíma og að einhver verði að sjá um að halda tengslum og áhuga vakandi. Margir væru færir um að sinna þessu verkefni þ.e. að stýra forvörnum, en “FRÆ hefur ákveðna þekkingu og reynslu”. Þá ver nefnt mikilvægi þess að FRÆ byði upp á aðgang að meira stuðningsefni fyrir kennarana.

Allir aðilar sem rætt var við höfðu myndað sér skoðanir á hverjir væru fyrirmyndarskólar í forvörnum. Sumir skólar voru nefndir af öllum, en aðrir nefndir í tengslum við hvernig aðgerðir þeirra og áherslur tengdust áhuga- og verksviði viðmælenda. Hvort einhver skóli hefði fengið falleinkunn í forvörum, ef slík mælistika hefði verið lögð til grundallar, er óljóst.

## Rýni á heimasíðum framhaldsskólanna

Stefna skóla og reglur hafa yfirleitt verið birtar í handbókum og námskrám skólanna. Með aukinni notkun Netsins sem upplýsingagjafa meðal ungs fólks má ætla að skólar notfæri sér þann miðil til að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri við nemendur sína, hvort sem um er að ræða almennar upplýsingar, upplýsingar um skólafélagið eða upplýsingar um þær reglur sem gilda svo skólalífið gangi snurðulaust fyrir sig.

Af þessum sökum var kannað hvernig skólar stóðu að miðlun upplýsinga um forvarnir og forvarnarstefnu sem nú hefur verið á dagskrá síðan 1997. Þetta var ekki síst gert í ljósi þeirrar vissu að forgangsröðun upplýsinga færi fram á vefsíðu skólans og það sem þætti mikilvægt væri birt þar. Því er tilvist forvarnarstefnu á vefsíðu skólans e.t.v. metin sem þar komi fram viðhorf skólans til mikilvægis þess að þessar upplýsingar og aðrar sem snerta forvarnir séu sýnilegar, fyrir nemendur, foreldra þeirra og starfsmenn skólans. Tilgangur var að auki að kanna hversu aðgengilegar þessar upplýsingar væru á netinu. Þetta var ekki síst gert vegna þess hve fáir forvarnarfulltrúar sendu forvarnarstefnu skólans með svörum sínum og þetta er aðgengileg og fyrirhafnarlítill aðferð til að lesa þær.

Matið á síðunum studdist við nokkur lykilatriði. Áfar fáar síður bjóða upp á leit þannig að rekja þurfti sig út frá aðalsíðu. Í allt of mörgum tilvikum var mjög flókið að fá þær upplýsingar sem sóst var eftir. Síðurnar voru fjölbreytilegar hvað varðaði skipulag og hönnun og hafði það áhrif á leitina. Skoðaðar voru vefsíður 25 framhaldsskóla, einn skóli virtist hafa aðgangsvarða heimasíðu og var því ekki hægt að meta hana með hliðsjón af þeim viðmiðum sem sett voru.

Staðsetning skólareglna var mjög breytileg eftir síðum, í sumum skólum var tenging beint frá aðalsíðu en dýpra var á þeim hjá öðrum. Staðsetning þeirra var mjög breytileg.

**Tafla 1. Rýni á heimasíðum framhaldsskólanna**

	<i>Já</i>	<i>Nei</i>
Skólareglur á heimasíðu	23	2
Forvarnarstefna á heimasíðu	9	15
Upplýsingar um tilvist forvarnarfulltrúa	11	14
Nafn forvarnarfulltrúa	14	11
Upplýsingar um hlutverk forvarnarfulltrúa	11	14
Sérstök forvarnarsíða	2	23

Af þessum 25 skólum virtust aðeins tveir ekki hafa sínar skólareglur á heimasíðu sinni. Skólareglur taka yfirleitt á áfengisnotkun nemenda og reykingum, en það getur ekki fallið undir að teljast fullgild forvarnarstefna, þannig að áfram var leitað að forvarnarstefnu skólans á vefsíðum hans.


Flestir skólar birta upplýsingar um almenna þjónustu sem nemendum stendur til boða á heimasíðu sinni, þetta á t.d. við um skrifstofu, námsráðgjöf og þess háttar. Níu skólar höfðu forvarnarstefnu sína á vefsíðu skólans þó hún væri alls ekki alltaf auðfundinn.

Miðað við upplýsingar frá FRÆ um að 26 skólar hafi á sínum snærum forvarnarfulltrúa þá olli það vonbrigðum að aðeins 11 skólar sáu ástæðu til að gefa upp á vefsíðu sinni upplýsingar um að það starfaði forvarnarfulltrúi við skólann. Fjórtán skólar gáfu upp nafn forvarnarfulltrúa ýmist formlega ásamt upplýsingum um hlutverk hans eða eingöngu sem starfsheiti í nafnalista yfir starfsfólk skólans. Hlutverk forvarnarfulltrúa var útskýrt á 11 vefsíðum. Aðrar upplýsingar um forvarnir og efni sem tengist þeim var fágætt og aðeins tveir skólar voru með sérstaka forvarnarsíðu.

## Samantekt úr upplýsingaöflun

Menntamálaráðuneytið óskaði eftir mati á eftirtöldum atriðum:

1. Aðstoð við stefnumörkun/gerð forvarnaráætlana í framhaldsskólum að höfðu samráði við stjórnendur þeirra.
2. Ráðgjöf við starfsfólk framhaldsskólanna við undirbúning og framkvæmd forvarnaráætlana
3. Námskeiðahaldi og endurmenntun fyrir starfsmenn framhaldsskóla í tengslum við verkefnið.
4. Kynningarefni Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum í tengslum við verkefnið
5. Störfum forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum
6. Viðhorfum nemenda, stjórnenda, forvarnarfulltrúa, námsráðgjafa og annarra starfsmanna verkefnisins
7. Árangri af verkefni Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum með framhaldsskólum





Samkvæmt þriðju grein samnings FRÆ við Menntamálaráðuneytið á FRÆ að sinna sérstaklega verkþáttum 1-3:

Öll þessi atriði virðast hafa gengið eftir. Flestir skólar eru komnir með stefnu í forvarnarmálum, þó að hún sé ekki enn aðgengileg t.d. á netinu. Ekki er ljóst af þeim gögnum sem eru til staðar hvort forvarnarstefna er birt í námsvísunum allra skólanna. Enn eiga nokkrir skólar eftir að fylgja stefnumótuninni eftir með forvarnaráætlun og þarf að bæta úr því. Tölulegar upplýsingar um fjölda í þessu mati hafa lítið gildi vegna þess hve fáir forvarnarfulltrúar svara spurningum og vegna þess að ekki var öllum spurningum svarað. Lítið er nægja að gefa hlutföll til kynna með orðum.

## Niðurstöður og túlkanir

FRÆ hefur komið að ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd forvarnaráætlana, en þarf e.t.v. að hafa meira frumkvæði að þessu atriði til að ýta við þeim skólum sem ekki eru búnir að ljúka verkinu.

Varðandi námskeiðahald var farið af stað með sérstök námskeið fyrir forvarnarfulltrúa en ekki hefur verið boðið upp á lengri námskeið fyrir þá síðan 1998. Það er bagalegt þar sem nýliðun er alltaf einhver meðal forvarnarfulltrúa og ný þekking bætist við. Auk þess hafa fæstir forvarnarfulltrúanna einhverja formlega menntun á þessu sviði, s.s. í heilbrigðisfræðslu. FRÆ hefur haldið tvo árlega fundi þar sem boðið er upp á fræðslu og stuðning fyrir forvarnarfulltrúa, en þeir koma ekki í stað markvissrar fræðslu og þjálfunar forvarnarfulltrúa.

Í starfi forvarnarfulltrúanna er að finna 4 meginþætti: Fræðslu, samskipti, eftirlit og ráðgjöf og fer vægi hvers þáttar eftir þekkingu og áhuga forvarnarfulltrúanna. Nýnemar frá fræðslu í forvörnum, kynningu á starfi forvarnarfulltrúa. og stefnu í forvarnarmálum í Lífsleikni sem er skylduáfangi.

Skólastjórnendur virðast almennt styðja starf forvarnarfulltrúa, en sumir “sjá ekki tilganginn og stóru myndina”.

Það er einhver fylgni milli stærðar skólanna og tíma sem forvarnarfulltrúum er úthlutað til verksins. Stærri skólarnir hafa oft meira svigrúm, en þetta er engan veginn einhlítt. Forvarnarfulltrúar hafa reynt að virkja aðra með sér t.d. námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga.

Forvarnarfulltrúar hafa beitt sér gagnvart nemendum sem eru í neyslu t.d. boðið þeim upp á reykingavarnanámskeið í samstarfi við Tóbaksvarnarnefnd og Krabbameinsfélagið og margir eru í góðu samstarfi við SÁÁ.

Samkvæmt 17 grein laga um framhaldsskóla skulu auk sérgreina brautar vera í brautarkjarna námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu. Í samræmi við áherslur grunnskóla á námsgreinin Lífsleikni á framhaldsskólastigi að efla alhliða alhliða þroska nemandans og stuðla að því að hann verði heilsteyptur einstaklingur. Það felur í sér að nemandinn geri sér far um að efla andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann efli félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Eitt af lokamarkmiðum Lífsleikniáfanga framhaldsskólanna er að nemandi taki ábyrgð á eigin lífi sem m.a. felur í sér að taka ábyrga afstöðu til fíkniefna og lyfja sem notuð eru til lækninga (20).

Í fjárlögum er ákveðin upphæð ætluð til miðlægs forvarnarstarfs í grunn- og framhaldsskólum landsins og hefur þessi upphæð verið óbreytt frá 1997, kr. fimm milljónir. Til samanburðar er athyglivert að sjá að þetta er sama upphæð og fjárlög gera ráð fyrir að árlega sé varið til að byggja upp Hestamiðstöð Íslands. Ljóst að ekki fylgja peningar frá ráðuneyti inn í skólana vegna forvarnarstarfsins og þurfa þeir því að forgangsraða forvarnarstarfi með tilliti til sinna fjárveitinga.

Kostnaður skólanna vegna forvarnarstarfsins er falinn þar sem í mörgum tilfellum er um aukahlutverk kennara að ræða og stundum eru óskýr mörk á hvenær forvarnarfulltrúi er að sinna forvörnum eða öðrum skyldum. Innan framhaldsskólanna má gera ráð fyrir að launakostnaður nemi sem svarar 10-20% af starfshlutfalli kennara í hverjum skóla fyrir sig eða um 2,6-5,2 stöðugildi í heildina. Miðað við ætlaða þörf fyrir u.þ.b. 50% starf forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum væru það um 13 stöðugildi í þessum 26 framhaldsskólum.

Hvorki skólarnir né FRÆ virðast fullnýta möguleika sem eru fyrir hendi til að standa straum af kostnaði við einstaka forvarnarverkefni, en samkvæmt upplýsingum sem aflað var eru möguleikar til að sækja í Forvarnarsjóð og til Tóbaksvarnarnefndar til vel skilgreindra forvarnarverkefna.

Vegna þess að ekki er gert formlega ráð fyrir starfi forvarnarfulltrúa innan skólanna getur það verið háð skilningi skólameistara hversu mikil áhersla er lögð á starfið og hvort það er fyrst til að fjúka í hörðum árum.

FRÆ virðist samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja og þeim ramma sem settur hefur verið um verkefnið, hafa skilað sínum hluta samnings vel. FRÆ hefur ekki boðvald yfir tíma forvarnarfulltrúa þannig að allt starf FRÆ byggir á forsendum skólanna sjálfra.

Mikilvægt er að framhaldsskólar hafi skýra stefnu og framkvæmdaáætlun í fíkniefnamálum. Ætlast er til að í stefnunni komi fram að markmið með forvörnum sé að stuðla að þroska nemendanna og búa þá sem best undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Í framkvæmdaáætlun komi fram hvernig skólinn hyggst haga fræðslu til nemenda, grípa inn í mál einstakra nemenda og leiða þau til lykta. Stefnu skólanna skal kynna í námsvísun og hún tekin til sérstakrar umfjöllunar á kynningarfundum með nemendum, starfsmönnun og forráðamönnum nýnema (21).

Í forvarnarstefnu skólanna má almennt segja að hún þarf að vera í samræmi við landslög, almennar reglur og skólareglur. Fjalla þarf um þætti sem snúa að ávana- og vímuefnaneyslu og viðurlög við brotum á þeim. Einnig ætti að fjalla um heilsufarslega áhættu samfara notkun og ofnotkun og hvaða ráðgjöf og meðferð stendur til boða þeim sem hafa misst stjórn á sinni neyslu. Mikilvægt er að stefna og framkvæmdaáætlun séu í samræmi við það sem skólinn treystir sér til að fylgja eftir.

Hver sem stefnan er þarf hver skóli að koma sínum skilaboðum áleiðis til nemenda, foreldra og starfsmanna skólanna um hvaða reglur og viðurlög gilda. Það er skólastjórnenda að standa að baki stefnu síns skóla, kynna hana og virða, “eftir höfðinu dansa limirnir”. Skólar á framhaldsskólastigi þar sem löglegur aldur til neyslu áfengis er ekki náð verða að viðra landslög. En oft er stefna sem snýr að algjöru bindindi ekki fyrir valinu, enda hefur reynslan sýnt að slíkar stefnur hafa ekki verið árangursríkar. Hinsvegar má ekki líta á slökun slíkrar stefnu sem uppgjöf. Breytingar geta átt sér stað á ýmsan máta og viðhorfabreytingar eiga sér yfirleitt stað á löngum

tíma. Sannanlegur árangur er í höfn þegar skólar sem áður gátu ekki haldið árshátíð án drykkjuláta og blaðaskrifa um þau halda velheppnaðar áfengis- og vímulausar árshátíðir, gallinn er sá að þá hafa fjölmiðlar ekki áhuga á þeim sem fréttæfni.

## **Árangurmat – Í upphafi skal endinn skoða**

Erfitt er að leggja dóm á árangur af forvarnarstarfi án markvissrar gagnasöfnunar fyrir og eftir íhlutun. Árangur af forvarnarstarfi mælist á löngum tíma þó svo að sjá megi skammtímaárangur og þróun í vel skilgreindum vísbendingum.

Í samningi FRÆ við Menntamálaráðuneytið beinast árangursviðmið að því hversu margir skólar hafa forvarnarfulltrúa, hversu margir hafa stefnu, hversu margir hafa forvarnaráætlun og hversu margir vinna samkvæmt henni. Augljóst næsta skref er að ræða árangur sem snýr ungmennunum sjálfum. Takmark með forvarnarstarfsemi getur verið að unglingar reyki ekki, neyti áfengis í hófi og neyti ekki ólöglegra ávana- og fíkniefna og forðist alla aðra áhættu hegðun.

Hugsanleg árangursviðmið geta verið:

- Hver er eftirfylgni við nemendur og viðurlög ef reglur eru brotnar
- Hvaða stuðningur er í boði fyrir nemendur í vandræðum, t.d. stuðningshópar, meðferðarúrræði.
- Brottfall úr skóla
- Líðan nemenda og viðhorf þeirra til drykkju og tóbaksneyslu sem og annarrar áhættu hegðunar
- Ölvun á böllum, fjölbreytni vímulauss félagslífs, áherslur í félagslífinu
- Jákvæð fjölmiðlaumfjöllun um skemmtanir framhaldsskólanemenda.
- Algengi reykinga og annarrar tóbaksnotkunar
- Algengi drykkju og ofdrykkju
- Algengi annarrar fíkniefnaneyslu
- Algengi annarrar áhættu hegðunar, s.s. óöruggs kynlífs, hættulegs aksturs, hreyfingarleysis, óhollrar næringar, kyrrsetu, fjöldi sjálfsvíga og eineltis.
- Tilvist og stofnun foreldrafélaga og virkni þeirra.
- Samstarf við veitingahús og aðra sem koma að félagsstarfi nemenda.
- Tíðni afskipta lögreglu af viðkomandi hópi.

Hægt er að nota margvíslegar vísbendingar sem tengjast forvarnarverkefnum og mótast þær óhjákvæmilega af tilgangi og markmiði með verkefnum og hvort um er að ræða mat á skammtímaáhrifum eða langtímaáhrifum.

Til er fjöldi viðurkenndra mælitækja sem ætlað er að mæla hegðun og viðhorf til margskonar áhættu hegðunar. Þar sem mörg þeirra eru erlend þarf að þýða þau og staðfæra á viðurkenndan máta áður en hægt er að nýta þau. Því er mikilvægt að huga að árangursviðmiðum strax í hönnun og þróun forvarnarverkefna.

## Tillögur

Til að auka vægi forvarnarstarfs í framhaldsskólum er lagt til að áhersla verði lögð á eftirfarandi þætti:

- Auka starf og vægi forvarnarfulltrúa. Þetta má gera með því að skólar fái sérstaka fjárveitingu til að sinna forvarnarstarfi svo einstakir skólastjórnendur þurfi ekki að gera það upp við sig hvort eigi að veita í þetta tíma og peningum.
- Leggja meiri áherslu á menntun og þjálfun forvarnarfulltrúa og veita þeim formlegan sess innan framhaldsskólanna.
- Að setja bæði skammtíma- og langtímamarkmið með forvarnarstarfi.
- KHI bjóði upp á valnámskeið fyrir kennara í heilbrigðisfræðslu og lífsleiknikennslu þar sem m.a. verði lögð áhersla á forvarnarhlutverk skólanna.
- Heilbrigðisfræðsla verði hluti af námskrá í öllum árgöngum grunn- og framhaldsskóla. Heilbrigði er okkar dýrmætasta “eign” og án þess er erfitt að njóta annarra gæða lífsins, því mikilvægt að hlú að því frá vöggu til grafar. “Lífsleiknideild” í Menntamálaráðuneytinu gæti starfað með nýrri Lýðheilsumiðstöð við að þróa þetta. Ábyrgðin þarf þó að vera í menntakerfinu svo tryggt sé að heilsuefling og forvarnir séu alltaf á forsendum skólanna.
- Leita að áhættuhópum. Íslenskar rannsóknir hafa staðfest niðurstöður erlendra rannsókna í sambandi við áhættuþætti á frávíkshæðun unglinga (22).
- Útvíkka áherslur í forvörnum þannig að þeim sé beint að allri áhættuhegðun, bæði sjálfseyðandi hegðun sem og lífsstíl sem eykur líkur á neikvæðum heilsufarslegum afleiðingum þ.m.t. hreyfingu og næringu.
- Færa markvisst forvarnarstarf neðar í skólakerfinu og hafa það samfelld frá grunnskóla upp í framhaldsskóla.
- Forvarnarstarf verði gert sýnilegra innan skólanna og upplýsingar um það verði aðgengilegar á heimasíðum þeirra.
- Auka áherslu á ábyrgð foreldra á forvörnum og virkja þá til samstarfs við skólana. Forvarnarfulltrúar eru eðlilegur aðili til þessa samstarfs. Foreldrafélög hafa verið stofnuð við nokkra framhaldsskóla í kjölfar breytinga á sjálfræðisaldri.
- Auka og samræma starf þeirra sem koma að forvörnum í framhaldsskólum til að nýta sem best tíma og fjármuni án þess þó að allir séu undir saman hatti. Nú hittast þessir aðilar einu sinni á ári.
- Skipulagðar verði markvissar forvarnir í “tilraunaskólum” til að þróa aðferðir sem bera árangur áður en allir skólar fá fjárveitingu til verksins og ekki síst til

að hafa aðgang að samanburðarhópi. Mikilvægt að hafa ákveðinn markhóp og fylgja honum eftir. Það væri t.d. áhugavert að taka fyrir einn árgang og fylgja honum í gegn um fjögurra ára tímabil. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir stöðugu mati og lokamati strax frá upphafi. Vel má hugsa sér að einhverjir aðilar s.s. Tóbaksvarnarnefnd og Áfengis- og vímuvarnarráð gætu komið að fjármögnun verksins.

- Athuga þarf árangur af starfi Jafningjafræðslunnar í framhaldsskólum og kanna leiðir til að fjármagna starfsemi hennar ef hún virðist vera að ná árangri.
- Kannað verði á hvern hátt megi nýta betur starfskrafta og þekkingu nemenda í heilbrigðisgreinum háskólanna til að koma að forvarnarstarfi. Í dag koma læknanemar víða inn í forvarnarfræðslu framhaldsskólanna. Í námi hjúkrunarfræðinema er lögð áhersla á heilbrigðisfræðslu. Um gæti verið að ræða bæði fræðslu, verkefnavinnu eða rannsóknir sem bæði framhaldsskólarnir og viðkomandi háskóladeildir gætu haft gagn af.

## Takmarkanir matsins

Matið takmarkast óhjákvæmilega af tímaskorti, fyrir lá að þessi tími yrði frá 21 maí - 20 júní, og tímasetningu matsins í lok skólaárs, sem hefur áhrif á í hverja næst. Ekki var hægt að hafa viðtöl við fulltrúa allra skóla sem höfðu verið valdir í samráði við Menntamálaráðuneyti og erfitt reyndist að ná sambandi við nemendur.

Rúmlega helmingur forvarnarfulltrúa svaraði skriflegum fyrirspurnum, þannig að þeirra viðhorf og mat birtast í þessari skýrslu. Um viðhorf og mat þeirra sem engu svara er ekkert vitað. Vegna svarhlutfalls hafa tölulegar upplýsingar lítið gildi í þessu mati. Þessvegna er oft notast við orð til að lýsa fjölda svarenda og viðhorfum. Aðeins náðist samband við örfáa nemendur og þeirra svör geta á engan hátt talist lýsandi fyrir nemendur skólanna almennt. Þó má ætla að viðhorf sem kom fram hjá einum nemanda geti verið lýsandi fyrir stærri hóp, en hann sagði að mikilvægast væri að nemendur gætu treyst forvarnafulltrúanum.

Matið er engan veginn vísindaleg niðurstaða heldur öllu frekar lýsing á ástandi eins og þeir sem rætt var við upplifa það. Engin viðurkennd mælitæki voru til staðar og því notast við viðtöl, opnar spurningar, rýni vefsíðna, símtöl og fyrirliggjandi gögn. Upplýsingasöfnun miðaði við takmarkanir á tíma og fjármunum til verksins.

Eins og fram kemur í skýrslunni starfa margir aðilar á vettvangi forvarna í ávana- og fíkniefnamálum meðal ungmenna og er upptalning þeirra engan veginn tæmandi. Öll söfnun upplýsinga er háð takmörkun á tíma og fjármunum. Aðilar sem ekki var rætt við en hafa verið í góðu samstarfi við forvarnarfulltrúa eru m.a.; Krabbameinsfélagið, Geðvernd og Lögreglan.

Það er óhægt að aðskilja hver á heiðurinn að tilteknum árangri þegar ekki er um kerfisbundnar mælingar fyrir og eftir íhlutun að ræða og þegar stjórn á aðstæðum er ekki fyrir hendi. Hér hafa verið gerðar víðtækar spurningakannanir meðal ungs fólks

á notkun áfengis, vímu og ávanaefna um árabíl (23). Þó eru engar kannanir sem tengjast upphafi forvarnarsamstarfs FRÆ og ráðuneytisins.

Þó svo að varhugavert sé að tengja niðurstöður þessara rannsókna við forvarnarverkefni FRÆ má sjá ákveðna vísbendingu um þróun. Þetta eru þær takmarkanir sem við búum við mat og rannsóknir í lifandi samfélagi, við getum ekki einangrað þá þætti sem við viljum skoða og aðskilið þá frá öðrum þáttum mannlífsins. Til að tryggja að hægt sé að meta árangur af forvarnarstarfi t.d. vegna ávana- og fíkniefna er mikilvægt að eiga aðgang að upplýsingum um bæði ferli og árangur.

Aðferðafræði og starf FRÆ með framhaldsskólunum byggir á ákveðnum verkefnum sem beinast að styrkingu innviða skólanna til að takast á við forvarnarstarf. Í samningi við ráðuneytið er lagður fram tilgangur með verkefninu, en ekki kveðið á um árangur. FRÆ hefur sett fram starfsáætlun og markmið árlega. Þessir þættir voru lagðir til grundvallar matinu.

## Heimildir:

1. Höfundur óþekktur
2. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson (2001) Uppeldishættir foreldra og áhrif þeirra á atferli unglinga.
3. King, K; Wagner,D; Hendrick, B. (2001) Safe and drugfree school coordinators perceived needs to improve violence and drugprevention programs. *The Journal of School Health* Aug;71(6)
4. Franzowiak, P. (2002) Primary drug prevention: Developments in Germany since the 1970s *Journal of Drug Issues*; Tallahassee; Spring; Vol 32(2) 491-502
5. Paglia, A., Room, R. (1999) ,Preventing substance use problems among youth. A literature review and recommendations. *Journal of Primary prevention*20, 3-50.
6. NIDA (1997) National Institute on Drug Abuse. Preventing drug use among children and adolescents: Reasearch based guide NIH publication no 99-4112 Bethesda MD
7. N.and Stratton H, (1997) Effectiveness of school based drug prevention programs: A meta analysis of the research. *Journal of Primary Prevention* 18, 71-128).
8. Veenhuis, PE. (2002) Adolescents, Alcohol, and Substance Abuse: Reaching Teens Through Brief Interventions *The American Journal of Psychiatry*; Washington; Nov
9. Stevens, M., Mott, L. Youells, F. (1996) adolescent drinking behavior: Three year follow-up in the New Hampshire Substance Abuse Prevention Study Adolescence; Roslyn Heights; Spring (vol 31(121) 159-164)
10. Botvin D , Griffin K, Diaz, T , Ifill-Williams, M ,Weill Cornell Medical College
11. Block, L,, (2002) Morwitz, VG., Putsis, WP., Subrata K. Assessing the impact of antidrug advertising on adolescent drug consumption: Results from a behavioral economic model *American Journal of Public Health*; Washington;;92;1346-1351
12. Choi W S, Ahluwalia, JS, Harris K J og Okuyemi K. (2002) Progression to established smoking: The Influence of Tobacco Marketing. *American Journal of Preventive Medicine* 22,228-233.
13. Pinilla J, Gonzalez B Barber P, Santana Y, (2002) Smoking in young adolescents: An approach with multilevel discrete choice models. *Journal of Epidemiology and Community Health* 56, 227-232;
14. Siegel M, (1998) Mass media antismoking campaigns: A powerful tool for health promotion: *Annals of Internal Medicine* 129, 128-132.

15. Goldman L K & Glantz SA (1998) Evaluation of antismoking advertising campaigns. *Journal of the American Medical Association* 279, 772-777.
16. Beaudoin, CE (2002) Exploring antismoking ads: Appeals, themes and consequences *Journal of Health communication* 7, 123-137);
17. Bowman, DH., (2002) Anti-drug ad campaign falls flat, *Education Week*; Washington; Jun 12, ;;21(40) 28-31 )
18. Í Kealey, K., Peterson, A., Gaul, Dinh, K.(2000) Teacher training as a behavior change process. Principles and results from a longitudinal study. *Health Education and Behavior* , Thousand Oaks Feb
19. Skýrsla dómsmálaráðherra til Alþingis um aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna, áfengis og tóbaksvörnum á árinu 1998, Útg. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1999
20. Aðalnámskrá framhaldsskóla ; Lífsleikni 1999, Menntamálaráðuneytið 1999
21. Forvarnir í skólum. Skýrsla teymis um markmið og skipulagningu forvarna í skólum. 1997-1998
22. Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, (2001) Routine activities in social context. A closer look at the role of opportunity in deviant behavior. *Justice Quarterly* 18(301-325)
23. Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Viðar Halldórsson.(1998) Vímuefnaneysla ungs fólks. Umhverfi og aðstæður. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Munnlegar heimildir: Forvarnarfulltrúar, skólameistarar, kennarar, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Eftirtaldir skólar voru heimsóttir: Menntaskólinn við Hamrahlíð, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Menntaskólinn á Laugarvatni, Menntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík.

Munnlegar heimildir : Anna Björg Aradóttir hjá Landlæknisembættinu, Þorgrímur Þráinsson hjá Tóbaksvarnarnefnd, Þorgerður Ragnarsdóttir hjá Áfengis- og vímuvarnarráði og Ingibjörg Kjartansdóttir hjá Jafningjafræðslunni



